

# Útskýring á sjálfbærniáherslum

*Athugið að eftirfarandi skilgreiningar eru aðeins til upplýsingar og teljast ekki til kynningarefnis.*

*Upprunalega útgáfan gildir ef upp kemur ósamræmi eða árekstur milli þýðingar á þessum útskýringum á sjálfbærniáherslum og upprunalegu útgáfunnar á ensku. Þýðingin er aðeins til hliðsjónar.*

Mat á hæfi er krafa samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB („**MiFID II**“) sem á við um verðbréfafyrirtæki innan ESB sem veita eignastýringarþjónustu.

Við hjá Revolut Securities Europe UAB („**við**“, „**okkur**“, „**okkar**“) notum spurningalista um hæfi til að meta fjárfestingarþekkingu og reynslu viðskiptavina okkar, áhættuþol þeirra, fjárhagsstöðu, fjárfestingarmarkmið og sjálfbærniáherslur. Þetta gerir okkur kleift að bjóða viðskiptavinum okkar viðeigandi fjárfestingaráætlanir sem hluta af valfrjálssu Robo-Advisor-eignastýringarþjónustunni okkar.

Í samræmi við kröfur sem settar eru fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 („**framselda reglugerðin MIFID II**“) verðum við, eftir að hafa greint úrval viðeigandi afurða fyrir viðskiptavininn, í samræmi við viðmið um fjárfestingarþekkingu og -reynslu, fjárhagsstöðu og önnur fjárfestingarmarkmið, jafnframt að greina afurð/afurðir sem samræmast sjálfbærniáherslum viðskiptavinarins. Í spurningalistanum um hæfi spyrjum viðskiptavini okkar hvort þeir hafi einhverjar sjálfbærniáherslur. Nánari upplýsingar um mismunandi sjálfbærniáherslur sem viðskiptavinir okkar geta tilgreint í forritinu er að finna í [þessum svörum við algengum spurningum](#).

Samkvæmt framseldu reglugerðinni MIFID II er hægt að gefa upp sjálfbærniáherslur viðskiptavina í tengslum við mismunandi tegundir sjálfbærra fjárfestingarafurða (umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar, sjálfbærar fjárfestingar og/eða fjármálagerningar þar sem tillit er tekið til helstu skaðlegra áhrifa (e. Principle Adverse Impacts, **PAI**)). Viðskiptavinir eiga að geta tjáð sig um að hve miklu leyti (lágmarkshlutfall) þeir vilja fjárfesta í hverjum flokki sjálfbærra fjárfestingarvara og/eða hvort þeir vilji leggja sérstaka áherslu á tiltekin sjálfbærnisvið.

**Umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar** (í samræmi við flokkunarkerfi ESB fyrir sjálfbæra atvinnustarfsemi)

Umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar eru fjárfestingar í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi sem skilgreind er í reglugerð (ESB) 2020/852 („**flokkunarreglugerðinni**“). Þetta þýðir að atvinnustarfsemin sem um ræðir ætti að stuðla verulega að minnst einu af sex tilgreindum umhverfismarkmiðum (mót vægi við loftslagsbreytingar, aðlögun að loftslagsbreytingum, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávar, mengunarvarnir og -eftirlit, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa). Til að teljast umhverfislega sjálfbær verður atvinnustarfsemin einnig að fylgja viðeigandi tæknilegum matsviðmiðum og lágmarks öryggisráðstöfunum á sviði umhverfis, félagsmála og stjórnunar („**UFS**“) og forðast að valda verulegum skaða á umhverfismarkmiðum. Í [þessum svörum við algengum spurningum](#) eru upplýsingar um hvernig skuli tilgreina æskilegt lágmarkshlutfall umhverfislega sjálfbærra fjárfestinga í eignasafninu þínu.

**Sjálfbærar fjárfestingar** (eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (ESB) 2019/2088, „**SFDR**“)

Sjálfbær fjárfesting er fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiðum (t.d. orkunýtingu, notkun endurnýjanlegrar orku, hráefna, vatns og lands, áhrifum á líffræðilega fjölbreytni o.s.frv.) eða félagslegum markmiðum (t.d. að takast á við ójöfnuð, stuðla að félagslegri samheldni, vinnumálum o.s.frv.), skaðar ekki verulega félagsleg eða umhverfisleg markmið og felur í sér góða stjórnunarhætti hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í. Í [þessum svörum við algengum spurningum](#) eru upplýsingar um hvernig skuli tilgreina æskilegt lágmarkshlutfall sjálfbærra fjárfestinga í eignasafninu þínu.

### **Tillit tekið til helstu skaðlegra áhrifa**

Þegar fjármálagerningar taka mið af helstu skaðlegu áhrifum á sjálfbærniþætti er tekið tillit til áhrifa tengdra fjárfestinga á sjálfbærniþætti. Vísar um helstu skaðleg áhrif eru leið til að mæla neikvæð áhrif atvinnustarfsemi á ýmsa sjálfbærniþætti, þar á meðal umhverfisleg, félagsleg og stjórnunarleg málefni. Í [þessum svörum við algengum spurningum](#) eru upplýsingar um hvernig skuli gefa áherslur varðandi helstu skaðleg áhrif til kynna.

Robo-Advisor-eignasafnslíkönin sem nú eru í boði hafa ekki sjálfbæra fjárfestingu að markmiði. Hluti af undirliggjandi sjóðum í UFS-eignasafni okkar stuðlar hins vegar að félagslegum og/eða umhverfiseinkennum (sjóðir skv. 8. gr. SFDR). Á næstunni hyggjumst við auka enn frekar framboð sem hentar sjálfbærniáherslum viðskiptavina okkar. Upplýsingagjöf okkar vegna sjálfbærni skv. SFDR er að finna á vefsvæði okkar [hér](#).

Frekari upplýsingar um mismunandi tegundir eignasafna í boði Revolut Robo-Advisor á EES-svæðinu er að finna í [þessum svörum við algengum spurningum](#).